

Fimmtudagurinn, 22. júní, 2006

Ákvörðun nr. 21/2006

Kaup Exit ehf. á Ferðaskrifstofu Íslands ehf.

1.

Þann 17. febrúar 2006 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Exit ehf. hafi keypt allan hlut í Ferðaskrifstofu Íslands ehf. Tilkynningin var afturkölluð, en barst Samkeppniseftirlitinu aftur þann 20. febrúar 2006. Framsetning samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna¹. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 23. janúar 2006. Þá fylgdu skránni einnig ýmis gögn um bæði félög, s.s. vottorð Hlutafélagaskrár og ársreikningar samrunaaðila, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaæftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 22. mars 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir frekari upplýsingum og gögnum frá málsaðilum, sbr. tölvupóst Samkeppniseftirlitsins dags. 6. mars 2006, þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um tekjur félaganna fyrir árið 2005.

2.

Í tilkynningunni segir að samrunaaðilar starfi báðir við skipulagningu ferða á sviði ferðaþjónustu frá Íslandi til erlendra áfangastaða. Feli það einkum í sér kaup á alferðum frá erlendum ferðaheildsölum sem séu svo seldar áfram til neytenda eða kaup á einstökum þáttum ferðar, samsetningu og sölu til neytenda. Í tilkynningunni segir að „við ferðaskipulagningu skipta fyrirtækin fyrst og fremst við flugfélög, erlendar ferðaskrifstofur og ferða heildsala, hótél, bílaleigur o.fl. Má því skilgreina markaðinn sem kaup á viðkomandi þjónustu.. “

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

Exit er einkahlutafélag í eigu fimm aðila. Um tilgang Exit segir að hann sé „rekstur ferðaskrifstofu, ferðatengdur rekstur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.“ Þá segir ennfremur að meginstarfsemi félagsins felist í starfrækslu Sumarferða sem selji sólarlandaferðir.

Ferðaskrifstofa Íslands er einkahlutafélag sem var í eigu FL Group hf. Félagið á dótturfélögin Plúsferðir ehf. og eignarhaldsfélagið ITB ehf. Um tilgang Ferðaskrifstofu Íslands segir að hann sé samkvæmt samþykktum „rekstur almennrar ferðaskrifstofu, tengd þjónusta, fasteigna- og lánastarfsemi.“ Þá segir að fyrirtækið selji „ferðir sínar undir þeim vörumerkjum hvert á sínu sviði. Úrval-Útsýn sinni einkum afþreyingarferðum til sólarlanda og stórborga með áherslu á gæðapjónustu. Plúsferðir ehf. leggja áherslu á ódýrar afþreyingarferðir til sólarlanda og stórborga. Ferðaskrifstofa Íslands ehf./Viðskiptaferðir þjónar viðskiptaferðalögum.“

Í tilkynningunni kemur fram að samrunanum sé ætlað að mæta breyttum aðstæðum á markaði. Samruninn muni veita samrunaaðilum það stærðarhagræði sem nauðsynlegt sé til að starfa í hinu nýja umhverfi og gera þeim kleift að njóta betri kjara í viðskiptum við ferðaheildsala og aðra viðskiptamenn þeirra erlendis. Þá segir enn fremur að „samnýting framleiðsluþátta samrunaaðila veitir möguleika á að ná fram mun betri nýtingu á ferðum, en það er eitt af lykilatriðum þess að ná niður kostnaði á fluttan farþega og þar af leiðandi möguleika á að bjóða samkeppnishæf verð“. Meginmarkmið samrunans sé því að skapa fyrirtækjunum betri rekstrargrundvöll í samkeppni við innlendar og erlendar ferðaskrifstofur og þó einkum ferðapjónustuaðila. Þá muni samruninn gera samrunaaðilum kleift að ná hagstæðari samningum við ferðaheildsala erlendis og nýta betur framleiðsluþætti.

Að mati samrunaaðila muni áhrifa samrunans einungis gæta við sölu afþreyingarferða. Sé samkeppni á þeim markaði virk og lifandi, enda séu litlar sem engar aðgangshindranir að honum. Erfitt sé hinsvegar að henda reiður á stærð markaðarins og hlutdeild einstakra ferðaskrifstofa á honum. Sé það einkum vegna þess hversu mikill fjöldi Íslendinga séu farnir að skipuleggja ferðir sínar sjálfir í kjölfar mikillar netvæðingar og með tilkomu lágfargjaldaflugfélaga en einnig vegna þess að ferðaskrifstofur bjóða uppá mismunandi ferðir og þjónustu. Hinsvegar telji samrunaaðilar einsýnt að samruninn muni ekki leiða til né styrkja markaðsráðandi stöðu þeirra eða skaða virka samkeppni á viðkomandi markaði með öðrum hætti. Þá telja samrunaaðilar að samkeppni muni frekar verða virkari við brotthvarf Ferðaskrifstofu Íslands úr FL Group samstæðunni og aukna samkeppni milli þess og annarra dótturfélaga FL Group hf.

3.

Samkeppniseftirlitið hefur aflað ýmissa gagna við skoðun á samkeppnislegum áhrifum þessa samruna. Ennfremur hafa fjölmargir forsvarsmenn fyrirtækja sem stunda sambærilega ferðapjónustu verið boðaðir til fundar við starfsmenn Samkeppniseftirlitsins til að varpa frekara ljósi á áhrif samrunans á þann markað sem við á. Þá aflaði stofnunin einnig gagna frá öllum helstu fyrirtækjum sem

starfa á markaði með ferðapjónustu í leiguflugi og áætlanaflugi til erlendra áfangastaða, svo unnt sé að meta stærð markaðarins og stöðu samrunaaðila á honum.

Á fundum sem Samkeppniseftirlitið átti með aðilum á umræddum markaði kom m.a. fram að miklar breytingar hafi átt sér stað á undanförunum 10 árum í ferðapjónustu. Grundvallast þær breytingar fyrst og fremst á því umhverfi sem ferðaskrifstofur starfa í. Að mati aðila á markaðnum einkennist hann í sinni núverandi mynd af fáum aðgangshindrunum. Rekstur ferðaskrifstofa sé hinsvegar erfiður þar sem eftirspurn sé afar teygjin og ráðist að miklu leyti af hagsveiflunni í landinu. Samkeppni á þessum markaði hafi því í gegnum árin verið afar hörð og margar ferðaskrifstofur þurft að hætta starfsemi sinni vegna erfiðleika í rekstri. Þá hafa verið nefnd dæmi um ferðskrifstofur sem hafi náð fótfestu á markaðnum á stuttum tíma og eru Sumarferðir sem eru í eigu annars samrunaaðilans í þessu máli dæmi þar um.

Þeir aðilar ferðapjónustumarkaðarins sem Samkeppniseftirlitið ræddi við voru sammála um að markaðurinn sem hér um ræðir væri mjög opinn og fjölbreyttur. Auðvelt sé fyrir neytendur að skipuleggja alfarið sínar ferðir sjálfir, t.d. í gegnum netið og með tilkomu lágfargjaldaflugfélaga. Þá voru flestir þessara aðila sammála um að umræddur samruni myndi ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

4.

Samruni Exit og Ferðaskrifstofu Íslands flokkast undir láréttan samruna, þar sem báðir aðilar starfa á sama sölustigi. Því er ljóst að umtalsverðra samlegðaráhrifa muni gæta í meginstarfsemi samrunafélaganna, sem er sala á skipulögðum ferðum til tilgreindra áfangastaða erlendis. Því er ljóst að samrunafélögin munu auka hlutdeild sína nokkuð á umræddum markaði.

Ljóst er að samrunafélögin starfa við skipulagningu ferða á sviði ferðapjónustu frá Íslandi til erlendra áfangastaða. Af gögnum sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá öllum helstu aðilum sem starfa á þessum markaði má ráða að heildarumfang viðskipta vegna sölu á skipulögðum hópferðum í leigu- og áætlanaflugi hafi numið frá [8. – 8.5]² millj. króna árið 2005. Þá nam heildarfjöldi farþega á umræddu tímabili [155.000 – 165.000]³ manns, aðra leið.

Fyrir samrunann hafði Exit [15-20]⁴% hlutdeild af tekjum á umræddum markaði árið 2005 og hlutdeild þeirra af heildarfjölda farþega nam [15-20]⁵%. Tekjur Ferðaskrifstofu Íslands vegna sölu á skipulögðum hópferðum í áætlanaf- eða leiguflugi námu [30-35]⁶% af heildartekjum markaðarins og hlutdeild þeirra af heildarfjölda farþega nam [25-30]⁷%. Samanlögð markaðshlutdeild samrunafélaganna mun því nema [45-50]⁸ % af heildartekjum og [40-45]⁹ % af

² Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

³ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

⁴ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

⁵ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

⁶ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

⁷ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

⁸ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

⁹ Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

heildarfjölda farþega. Má því ljóst vera að samrunaaðilar muni ná umtalsverðum styrk á umræddum markaði.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athuganir Samkeppniseftirlitsins, sbr. það sem að framan segir, gefa ekki til kynna að markaðsráðandi staða verði til eða aukist eða að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Exit ehf. á Ferðaskrifstofu Íslands ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 23. janúar 2006, keypti Exit ehf. allt hlutfé í Ferðaskrifstofu Íslands ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson